

Barnaverndarnefnd Eyjafjarðar

(Sameiginleg barnaverndarnefnd Akureyrarbæjar, Eyjafjarðarsveitar, Grýtubakkahrepps, Hörgársveitar og Svalbarðsstrandarhrepps)

Stefna og framkvæmdaáætlun

á sviði barnaverndar tímabilið 2018-2022

Fjölskyldusvið Akureyrarbæjar fer með barnaverndarmál á starfssvæði barnaverndarnefndar Eyjafjarðar. Velferðarráð Akureyrarbæjar fer jafnframt með stjórn félagsmála.

Samningur um stofnun sameiginlegrar barnaverndarnefndar þeirra fimm sveitarfélaga sem að ofan greinir og nefnist barnaverndarnefnd Eyjafjarðar er frá 24. nóvember 1999.

Stefnumörkun og framkvæmdaáætlun þessi er unnin fyrir hönd sveitarfélaganna samkvæmt 9. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002.

Með stefnumörkun og framkvæmdaáætlun þessarri vill barnaverndarnefnd Eyjafjarðar stuðla að fjölskylduvænu samfélagi á starfssvæði sínu þar sem börn njóti góðs atlætis í öruggu og þroskavænlegu umhverfi. Nefndin leggur í störfum sínum áherslu á að hafa hagsmuni barna í fyrirrúmi og að styðja barnafjölskyldur í uppeldishlutverki sínu.

Markmið barnaverndarnefndarinnar eru m.a.:

- að tryggja traust samfélagsins og þekkingu þess á barnaverndarstarfi
- að börn og forráðamenn barna séu vel upplýst um málsmeðferð og geti treyst því að meðalhófs og jafnræðis sé gætt í vinnslu mála
- að brugðist sé við barnaverndartilkynningum með skjótum og öruggum hætti
- að stuðla að því að viðeigandi stuðningsúrræði í barnaverndarmálum séu fyrir hendi
- að efla þjónustu og úrræði í heimabyggð
- að stuðla að góðu samstarfi við þær stofnanir í sveitarfélaginu sem þjóna börnum og fjölskyldum þeirra, s.s. grunnskóla, leikskóla, heilbrigðisstofnanir og lögreglu, svo og aðra aðila sem mikilvægir eru í þessu sambandi.

Leiðir

- að halda fundi mánaðarlega og oftast ef þurfa þykir og ræða skipulega málefni sem heyra undir nefndina
- að ávallt sé rætt við barn við könnun máls og vegna ákvarðana um stuðningsaðgerðir, leyfi aldur þess og þroski að slíkt sé gert
- að foreldrum bjóðist virk uppeldisráðgjöf og nausynlegur stuðningur til að efla foreldrafærni þeirra
- að gangast fyrir fræðslu um barnavernd og málefni fjölskyldna í vanda fyrir starfsfólk leikskóla, grunnskóla, heilbrigðisstofnana og frjáls félagasamtök, þar sem m.a. verði sérstaklega vakin athygli á tilkynningaskyldunni

- að hafa reglulegt samstarf við lögreglu um málefni barna og fjölskyldna þeirra með sérstakri áherslu á markvissa íhlutun vegna heimilisofbeldis
- að nýta þá möguleika sem samstarf stofnana og samþætting verkefna sveitarfélagsins gefa kost á til að tryggja sveigjanleika í þjónustuúrræðum

Starfsmannahald

Sérhæfðir og hæfir starfsmenn sinni starfi á vegum nefndarinnar. Til þess að viðhalda hæfni starfsfólks og starfsánægju er lögð áhersla á að starfsfólk njóti handleiðslu og faglegrar leiðbeininga, svo og að allir starfsmenn séu virkir í eigin símenntun og endurmenntun. Starfslýsingar skulu vera til fyrir hvert starf og yfirfarnar í árlegu starfsþróunarsamtali. Áhersla skal lögð á gott starfsumhverfi og aðbúnað.

Útgjöld og fjármögnun

Nefndin telur mikilvægt að hagsmunir barna og sjónarmið barnaverndar séu höfð til hliðsjónar við fjárhagsáætlanagerð. Með faglegrri og virkri kostnaðarstýringu sé þess gætt að fjármunir sem áætlaðir eru til barnaverndar nýtist sem best. Hafa ber í huga að líta má á virka og árangursríka barnavernd sem fjárfestingu ekki síður en kostnað.

Mat og endurskoðun

Þörf fyrir úrræði skv. barnaverndarlögum getur verið breytileg og því eru einstakir þættir framkvæmdaáætlunarinnar og forgangsröðun þeirra háð endurmati nefndarinnar og stjórnenda barnaverndarstarfsins. Í lok hvers árs skal nefndin fjalla um og leggja mat á starf ársins og getur í þeim tilgangi kallað eftir umsögn helstu samstarfsaðila. Heildarmat fyrir tímabilið skal liggja fyrir áður en starfstíma núverandi nefndar lýkur.

Framkvæmdaáætlun á starfstíma núverandi barnaverndarnefndar

Áfram skal á hverju ári halda fundi í grunnskólum og leikskólum þar sem hlutverk barnaverndar verður kynnt og fjallað um samstarf barnaverndar og skóla.

Áfram skal tryggja gott samstarf við aðrar stofnanir sem vinna að málefnum barna og fjölskyldna með reglulegum teymis- og samráðsfundum bæði innan stofnanna Akureyrarbæjar og utan. Hér er einkum átt við skóla og leikskóla, sjúkrahús, heilsugæslu, samfélagssvið, skólþjónustu og félagsþjónustu.

Áfram skal unnið samkvæmt verklagi "glugginn opinn" sem er samstarf barnaverndar, félagsþjónustu og lögreglu í heimilisofbeldismálum.

Árið 2018 skal eftirfarandi verkefnum vera lokið:

- Handbók starfsmanna barnaverndarnefndar Eyjafjarðar og verður kynnt nefndinni fyrir árslok 2018.
- Fundur með samfélagssviði, lögreglu og eftir atvikum öðrum aðilum með það að markmiði að kortleggja stöðuna í samfélaginu er varðar börn/ungmenni í áhættu fyrir neyslu vímuefna og afbrota. Skal í framhaldi meta þörf á reglulegu samráði aðila til að takast á við þann hóp barna og koma á nauðsynlegu verklagi til að takast á við vandann.

- Að leita eftir því að fá mat á gagnsemi Öskjunnar – fjölskyldustuðnings í barnaverndarmálum. Askjan er úrræði á vegum fjölskyldusviðs Akureyrarbæjar en unnið er að því að fá háskólann á Akureyri til liðs við sviðið með rannsókn á árangri og gagnsemi Öskjunnar.
- Leggja skal nýja stefnu- og framkvæmdaáætlun nefndarinnar fyrir velferðarráð til samþykktar. Þá skal kynna áætlunina fyrir fulltrúum sveitarstjórna Eyjafjarðarhrepps, Grýtubakkahrepps, Hörgársveitar og Svalbarðsstrandahrepps og eiga við þá samtal um barnavernd og stöðu í samfélaginu.
- Áfram skal unnið að því að koma á fót Fjölskylduheimili – fjölnota vistheimilis fyrir börn en næsta verkefni er að gera raunhæfa kostnaðaráætlun. Hugmyndin að slíkri starfsemi hefur þegar verið kynnt fyrir velferðarráði og bæjarráði en í minnisblaði um þá starfsemi kemur m.a. fram:

Markhópur í svokölluðu fjölnota fjölskylduheimili á Akureyri má ætla að séu eftirfarandi miðað við það landslag sem við búum við í dag og undanfarin tvö ár;

1. Börn 0 til 12 (gætu verið eldri). Hér er þörf fyrir bráðavistun sem og greiningar og kennsluvistun.
 - bráðavistun; hvenær sem er sólarhringsins án fyrirvara - til skammtíma (allt að 14 daga skv. bvl), veita börnum aðstoð og umönnun í öruggu umhverfi á meðan leitað er lausna - sólarhringsúrræði.
 - Greining og meðferð/uppeldiskennsla, 6 – 8 vikur. Styrkja foreldra í uppeldishlutverki, bæta samskipti/kenna nýjar leiðir. Foreldrar dvelja á vökutíma barnanna og annast börnin utan skólatíma undir handleiðslu starfsmanns. Ástæður; erfiðar heimilisaðstæður, skert hæfni foreldra/önnur vægari úrræði hafa ekki dugað og þörf á greiningu og uppeldiskennslu. Einnig nýtist rými fyrir börn sem eru að biðja eftir fósturúrræði, fósturaðlögun, aðlaga börn heim aftur eftir fóstur. Áætluð þörf á rýmum fyrir tvö til þrjú börn í einu. Unnið eftir markvissri meðferðaráætlun og vikulegu árangursmati.
 2. Fjölskylduíbúð – hægt að gefa kost á að bjóða foreldri að búa með barn/börn sín, greining og meðferð með það að markmiði að styrkja foreldri í uppeldishlutverki. Dvalartími: sex til átta vikur en getur verið lengur ef þörf er á eftir eðli vandans. Markmið; vinna með ákveðinn vanda/skerta foreldrahæfni. Úrræðið er ekki ætlað til lausnar á húsnæðisvanda. Getur einnig nýst í fósturaðlögun, eða aðlögun aftur heim eftir fósturvistun. Getur einnig nýst fyrir ófrískar mæður í vímuefnavanda, hér er einna helst verið að horfa til barnaverndarmála sem stofnast vegna alvarlegra áhyggna af því að ógnað sé heilsu eða lífi ófædds barns, gæti einnig átt við erfiðar heimilisaðstæður, s.s. eftir að kona hefur þurft að leita til kvennaathvarfs og möguleiki er á að vinna með móður að úrlausn. Á síðasta ári voru til vinnslu mál tveggja ungra mæðra sem hefðu klárlega nýtt sér vistun í fjölskylduíbúð með það a markmiði að styrkja uppeldisfærni þeirra, jafnvel fleiri.
 3. Ungmenn í þörf fyrir bráðavistun eða skammtíma vistun sem geta e-h hluta vegna ekki búið heima eða snúið strax heim eftir vistun utan heimilis v. meðferðar eða fósturúrræðis, einnig ungmenni sem eru að biðja eftir að komast í úrræði s.s. tímabundið fóstur. Hér gætu líka verið ungmenni sem eru orðin 18 ára, að koma úr fóstri og í bið eftir að komast í eigin búsetu.
- Starfsmenn skulu hafa kynnt sér skýrslu og aðgerðaráætlun vegna innleiðingar Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og fara að vinna eftir þeirri áætlun.

20k

- Í samstarfi við Barnaverndarstofu, Lögreglustjórn á Norðurlandi eystra og Dómstólasýslu ríkisins hefur frá því í vor verið í markvissri skoðun hvort mögulegt sé að stofna útibú Barnahúss hér á Akureyri að norskri fyrirmynd. Slíkt útibú kæmi til með að bæta þjónustu við börn á svæðinu til muna þar sem skýrslutaka af börnum vegna kynferðisbrotamála myndi eiga sér stað í heimabyggð. Jafnframt er hugmyndin sú að skýrslutaka fyrir dómi myndi einnig fara fram í slíku útibúi. Sérfræðingur frá Barnahúsi kæmi þá norður í stað þess að senda barn, foreldri og starfsmann barnaverndar suður. Eins og gefur að skilja myndi það þýða mikla hagræðingu fyrir Akureyrarbæ. Meðferðarviðtöl sérfræðinga Barnahúss við börn á þjónustusvæði nefndarinnar fara þegar fram í heimabyggð.

Árið 2019 skal eftirfarandi verkefnum vera lokið:

- Mat á MST-meðferðarúrræði (fjölkerfameðferð) í barnaverndarmálum hér á svæðinu og gagnsemi þess skal fara fram árlega í samvinnu við Barnaverndarstofu sem ber ábyrgð á úrræðinu
- Mat á gagnsemi ESTER-matskerfisins sem þegar er orðið fast verklag í ákveðnum tegundum könnunarmála hjá nefndinni. ESTER er gagnreynt, staðlað mat á áhættu- og verndandi þáttum hjá börnum sem eru með eða eru í hættu að þróa með sér hegðunarvanda. Verkefninu er stýrt af Barnaverndarstofu og unnið í samvinnu við barnaverndarnefndir á landsvísu. Í ESTER er lögð áhersla á gagnreynda áhættu- og verndandi þætti þ.e.a.s. þætti sem rannsóknir hafa sýnt að tengjast áhættuhegðun. Í ESTER er lögð áhersla á mikilvægi þess að taka tillit til bæði áhættu- og verndarþátta við mat á barninu og foreldrum þess sem hægt er að nota sem fyrirbyggjandi inngríp og meðferð. Innleiðing á ESTER hófst á árinu 2015 og er nú lokið eins og áður segir.
- Gerð verklags um meðferðarúrræði fyrir börn sem búa við heimilisofbeldi í samræmi við fyrirbyggjandi aðgerðaráætlun Akureyrarbæjar gegn kynbundnu ofbeldi og ofbeldi gegn börnum 2018-2020.
- Að halda fund með starfsfólki bráðamóttökunnar á Sjúkrahúsinu á Akureyri til kynningar á starfi barnaverndar.
- Meta gagnsemi Málavogar þar sem markmiðið er að mæla vinnuálag hjá starfsmönnum barnaverndar.

Áður en skipunartíma núverandi nefndar lýkur skal eftirfarandi verkefnum vera lokið:

- Fjölskylduheimili verði orðið að veruleika
- Þegar er hafin vinna að eflingu samstarfs á milli fjölskyldusviðs og fræðslusviðs með það að markmiði að grípa nægilega snemma inní mál barna áður en vandinn er orðinn alvarlegur. Það verkefni hefur fengið nafnið Keldan – snemmtæk ihlutun. Unnið verður út frá fyrirmynd svokallaðs Nýborgarmóðels sem gengur út á aukið samstarf fagaðila, skóla, heilsugæslu, barnaverndar og félagsþjónustu með markvissri ráðgjöf og meðferð í málum barna og fjölskyldna.

Ábyrgðarmaður framkvæmdaáætlunar: Framkvæmdastjóri barnaverndarnefndar Eyjafjarðar

Akureyri,

Júli Ósk Antonsdóttir

Júli Ósk Antonsdóttir (form)

Jakobína E. Káradóttir

Jakobína Elva Káradóttir (varam)

Álfheiður Svana Kristjánsdóttir

Álfheiður Svana Kristjánsdóttir

Hjalti Ómar Ágústsson

Hjalti Ómar Ágústsson

Elisabeth J. Zitterbart

Elisabeth J. Zitterbart